

Reglur um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar

Gildissvið

Reglur þessar gilda um umgjörð, umsókn og innritun í frístundaheimili Reykjavíkurborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir dvölinu. Gr. 1.c. og gr. 9 fjalla jafnframt um frístundaheimili í sjálfstætt reknum grunnskólum. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum.

Almennt um frístundaheimili

Reykjavíkurborg starfrækir frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk í grunnskólum borgarinnar. Á vefsíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is, er yfirlit yfir öll frístundaheimili borgarinnar ásamt nánari upplýsingum um staðsetningu, netföng og símanúmer. Þau starfa samkvæmt [Starfsskrá frístundamiðstöðva skóla- og frístundasviðs](#).

1. Innritun – opnunartími

1.a Innritun

Á veturna á starfstíma grunnskóla skv. skóladagatali þeirra bjóða frístundaheimili upp á fjölbreytt frístundastarf þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Á sumrin bjóða frístundaheimili upp á þjónustu allan daginn, viku í senn.

Um skilyrði fyrir dvöl á frístundaheimili má sjá nánar í 2. gr. þessara reglna.

Skráning í vetrarstarf frístundaheimilanna fer fram á vef Reykjavíkurborgar, [Mínar síður](#) og skráning í sumarstarf fer fram á sumar.fristund.is. Leita má eftir aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um dvöl á frístundaheimili í öllum frístundamiðstöðvum og í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími 411 1111. Ef foreldrar búa ekki saman en fara sameiginlega með forsjá barns sækir það foreldri sem barn á lögheimili hjá um frístundaheimili.

Í janúar/febrúar ár hvert eru sendar upplýsingar um starfsemi frístundaheimila til foreldra þeirra barna sem eru að fara í 1.-4. bekk næsta skólaár og eru með lögheimili í Reykjavík. Í febrúar hefst innritun fyrir komandi skólaár. Áður en sótt er um dvöl í frístundaheimili þurfa börnin að vera rafrænt innrituð í viðkomandi grunnskóla. Foreldrar eru hvattir til þess að sækja um frístundaheimili fyrir 1. maí ár hvert.

Gert er ráð fyrir að öll börn sem sótt hefur verið um dvöl fyrir á frístundaheimili fái þjónustu í upphafi skólaárs. Verði tafir á þjónustu, t.d. vegna fáliðunar, er fyrst litið til forgangshópa til samræmis við 4. gr. þessara reglna en síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð, elsta umsókn fyrst, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er

hægt að bjóða öllum börnum í 2. bekk dvöl, stærri hóp boðin dvöl hluta úr viku þannig að sem flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sótt var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvöl verði börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk. Í tilteknum hverfum starfrækir Reykjavíkurborg safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk úr tilteknum skólum, börn innritast á safnfrístundaheimili á sama hátt og á öðrum frístundaheimilum, þ.e. 3. bekkur á undan 4. bekk. Ef um skort á starfsfólki er að ræða leitast frístundamiðstöðvar við að manna frístundaheimili fyrir yngri börn fyrst. Nánari umfjöllun um forgang er að finna í 4. gr. þessara reglna. Í Guluhlíð gilda sömu reglur um inntöku barna ef tafir verða á þjónustu eins og í sértæku félagsmiðstöðvastarfi, sjá 6. mgr. í gr. 1.a í reglum um þjónustu félagsmiðstöðva.

Þegar sótt hefur verið um dvöl á frístundaheimili fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin.

Skráning í sumarfrístund hefst í apríl ár hvert. Framboð á plássum í sumarfrístund fer eftir fjárhagsáætlun hvers árs. Ef umsóknir eru umfram framboð hverju sinni er fyrst litið til forgangshópa til samræmis við 4. gr. þessara reglna. Skrá þarf barn eigi síðar en kl. 12:00 á fimmtudegi til að það geti fengið þjónustu í vikunni á eftir. Við skráningu fara allar umsóknir á bið. Umsóknir eru afgreiddar í þeirri röð sem þær berast, en þó þarf fyrst að taka tillit til barna sem fá samþykktan forgang.

1.b Opnunartími, skipulagsdagar og sumarleyfi frístundaheimila

Frístundaheimili eru rekin á veturna á starfstíma grunnskóla skv. skóladagatali þeirra til samræmis við það sem kemur fram hér að neðan. Fyrsti opnunardagur að hausti er daginn eftir skólasetningu og síðasti dagurinn er daginn fyrir skólaslit.

Frístundaheimili eru opin yfir vetrartímann frá kl. 13:40 til kl. ~~16:30~~[16:30-17:00](#). Börnin eru á ábyrgð skóla þar til starfsfólk frístundaheimila tekur við þeim.

Á skóladagatali grunnskóla koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar og er opnunartími frístundaheimila að miklu leyti skipulagður út frá því.

Um frídaga og óhefðbundna skóladaga, aðra en helgidaga, gildir eftirfarandi:

- a. Á frídögum, í jólafríi, páskafríi og einnig á starfsdögum kennara og samstarfsdögum skóla og foreldra stendur þjónusta frístundaheimila til boða frá kl. 08:00-~~16:30~~[16:30-17:00](#). Foreldrar verða að skrá börn sín sérstaklega þessa daga. Á aðfangadag og gamlársdag er lokað.
- b. Á óhefðbundnum skóladögum þar sem kennsla fellur niður að hluta, hefst starfsemi frístundaheimilis á hefðbundnum tíma nema um annað sé samið og að af því stafi ekki kostnaðarauki fyrir frístundaheimili. Óhefðbundnir skóladagar, s.s. íþrótt- og útivistardagar, þemadagar, jólaskemmtanir, námsmats eða prófdagar, vorferðir og fl. geta verið að hámarki 10 dagar yfir skólaárið.
- c. Frístundaheimilin eru lokað í vetrarfríum grunnskólanna. Þá bjóða frístundamiðstöðvar upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna.
- d. Frístundaheimilin eru lokað á skólasetningar- og skólaslitadögum.
- e. Starfsdagar/skipulagsdagar frístundaheimila eru þrír á almanaksárinu. Þá daga eru frístundaheimilin lokað.



Tilgreindir frídagar og óhefðbundnir skóladagar hafa ekki áhrif á gjaldtöku fyrir utan það að sérstakt gjald er tekið fyrir þjónustu fyrir hádegi á frídögum grunnskóla, skv. lið a hér að ofan. Sjá nánar um gjaldtöku í gr. 6.a í reglum þessum.

Á sumrin er boðið upp á sumarfrístund frá kl. 8:30-16:30. Leitast er við að samræma sumarfrístund við annað sumarstarf fyrir börn í hverju hverfi. Sérstök gjaldskrá gildir fyrir sumarfrístund.

Frístundaheimili sem bjóða upp á sumarfrístund eru lokuð í fjórar vikur yfir sumarið nema frístundaheimilið Gulahlíð við Klettaskóla sem er opið allt sumarið. Sú meginregla gildir þar að hvert barn skal fá tveggja vikna sumarfrí hið minnsta en þó er hægt að sækja um undanþágu frá þeirri reglu við sérstakar aðstæður þegar saman fer að þjónustuþörf er mikil, vandi samþættur og mikið álag í félagsumhverfi barnsins.

1.c Frístundaheimili í sjálfstætt starfandi skólum

Í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík sjá skólarnir sjálfir um þjónustu við börn eftir skólatíma. Framlag vegna dvalar reykviskra barna á frístundaheimilum í sjálfstætt reknum grunnskólum í Reykjavík er samkvæmt samningum þar um.

2. Skilyrði fyrir dvöl á frístundaheimili

Skilyrði fyrir dvöl barna á frístundaheimilum er að barnið stundi nám í þeim grunnskóla sem frístundaheimilið starfar við, hvort sem um er að ræða vetur eða sumar, og að foreldrar séu ekki í vanskilum við skóla- og frístundasvið vegna dvalar barns/barna þeirra á frístundaheimili (sjá kafla 7.a). Ef enn eru laus pláss í sumarfrístund eftir að búið er að afgreiða allar umsóknir barna sem eru skráð í þann grunnskóla sem frístundaheimilið starfar við, er unnt að veita öðrum börnum aðgang að sumarfrístund.

3. Flutningur milli frístundaheimila

Ef barn flyst milli skóla í Reykjavík áður en starfsemi frístundaheimila hefst að hausti má færa umsókn á milli frístundaheimila með því að hafa samband við það frístundaheimili sem barnið var upphaflega skráð í. Umsóknir raðast í sömu tímaröð og áður og eru afgreiddar samkvæmt því, elsta umsóknin fyrst, sjá þó 6. mgr. í gr. 1.a. og gr. 4 um forgang.

4. Forgangur í frístundaheimili

Sækja má um forgang að frístundaheimili fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því, sjá hér að neðan. Umsóknum um forgang skal skila til forstöðumanns frístundaheimilis á þar til gerðu [eyðublaði](#).

Börn með forgang innritast í samræmi við tímasetningu umsóknar, elsta umsókn fyrst.

Hægt er að sækja um forgang á frístundaheimili vegna:

- Barna sem vegna fötlunar eða langvarandi veikinda þurfa á sértækum stuðningi að halda og eru skilgreind í umönnunarflokkki 1, 2 eða 3 [samkvæmt skilgreiningu Tryggingarstofnunar ríkisins](#).** Forsendur fyrir forgangi eru að unnin hafi verið einstaklingsáætlun af frístundaheimili og foreldri og samþykkt af þekkingarmiðstöð í



málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Forgangur er háður því að búið sé að ráða starfsfólk til að sinna sértækum stuðningi. Forstöðumaður frístundaheimilis ber ábyrgð á afgreiðslu umsókna vegna barna sem njóta forgangs vegna fötlunar eða langvarandi veikinda.

- b) **Barna í erfiðum félagslegum aðstæðum.** Starfsmenn miðstöðva, Barnaverndar eða annarra stofnana sem koma að málefnum barna geta með samþykki foreldra, sótt um forgang vegna félagslegra aðstæðna eða skyndilegra breytinga á fjölskylduhögum.
- c) **Barna starfsfólks frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva borgarinnar.** Starfsmaður sækir um forgang hjá forstöðumanni þess frístundaheimilis þar sem barnið mun dvelja. Forgangur fellur úr gildi láti starfsmaður af störfum og gilda þá sömu reglur um hann og aðra við innritun. Ekki er tryggt að starfsmaður njóti óbreyttrar þjónustu hætti hann störfum áður en röðin er komin að börnum hans skv. reglunum.

Umsóknir um forgang skulu afgreiddar innan 14 daga. Þegar umsókn um forgang hefur verið samþykkt fær foreldri þjónustu fyrir barnið á frístundaheimili um leið og aðstæður leyfa til samræmis við reglur þessar. Ef til stendur að synja umsókn skal tilkynna það í bréfi til foreldra þar sem ákvörðun um fyrirhugaða synjun er rökstudd ítarlega. Gefa skal foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal forstöðumaður tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðunin skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

5. Dvöl og uppsögn

Foreldrar fá tilkynningu með tölvupósti þegar þeir hafa fengið þjónustu fyrir barn sitt og þurfa þeir innan þriggja daga að staðfesta að þeir þiggi þjónustuna með því að smella á hlekk í tölvupóstinum. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan þess tíma er öðrum boðið plássíð.

Með staðfestingu í rafrænni umsókn staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá fyrir frístundaheimilin og reglur um þjónustu frístundaheimila og skuldbinda sig til þess að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðarmót. Uppsögn skal í öllum tilfellum vera rafræn inni á [Mínum síðum](#), eða með tölvupósti til forstöðumanns frístundaheimilis.

Hið sama gildir um breytingar á dvalarsamningi. Allar breytingar þarf að gera á [Mínum síðum](#) eða berast forstöðumanni frístundaheimilis með tölvupósti fyrir 15. hvers mánaðar og tekur breytingin gildi um næstu mánaðarmót.

5.1 Sumarstarf frístundaheimila

Umsóknir vegna sumarstarfsins eru afgreiddar í þeirri tímaröð sem þær berast. Sumarstarfið er fyrir börn sem eru að ljúka 1.-4. bekk að uppfylltum skilyrðum 2. gr. þessara reglna.

6. Gjaldtaka

Gjaldskrá fyrir frístundaheimili og sumarstarf frístundamiðstöðva er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara.

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu dvalargjalda.

6.a Gjaldtaka fyrir vetrarstarf

Gjald fyrir þjónustu frístundaheimila og fyrir síðdegishressingu á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá skóla- og frístundasviðs eins og hún er birt á vefsíðu sviðsins, www.reykjavik.is.

Reykjavíkurborg niðurgreiðir dvöl á frístundaheimilum. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í samræmi við þá daga sem börn þeirra dvelja á frístundaheimilum. Einnig greiða foreldrar fyrir síðdegishressingu.

Ef þjónusta er nýtt frá kl. 08:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimili frá kl. 13:40-16:30:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá frístundaheimilinu. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Síðdegishressing er í boði þessa daga en börnin þurfa að koma með nesti fyrir fyrri hluta dagsins. Skráning á langa daga er bindandi eftir að frestur til skráningar rennur út og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótardvöl þessa daga.

Nota má frístundakort upp í greiðslu dvalargjalda á frístundaheimili yfir vetrarmánuðina.

6.b Afsláttur af dvalargjaldi í vetrarstarfi

Afslátt af fullu dvalargjaldi fyrir börn sín á frístundaheimili fá starfsmenn frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar sem:

- Sækja um afslátt á þar til gerðu [eyðublaði](#)
- Starfa að minnsta kosti 3 daga í frístundaheimili/sértækri félagsmiðstöð á viku
- Framvísa staðfestingu forstöðumanns frístundaheimilis/sértækrar félagsmiðstöðvar sem starfsmaður vinnur á um að hann sé starfsmaður með rétt á afslætti

Afsláttur gildir frá því að umsókn berst forstöðumanni á frístundaheimili barnsins. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu. Afsláttur fellur niður þegar starfsmaður hættir störfum á frístundaheimili/í sértækri félagsmiðstöð Reykjavíkurborgar eða fer í launalaust leyfi og ber honum þá að upplýsa forstöðumann þar sem barnið dvelur. Starfsmanni ber einnig að tilkynna forstöðumanni í frístundaheimili barnsins ef starfshlutfall breytist þannig að það hafi áhrif á afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur fellur þó ekki niður þegar starfsmaður fær launalaust leyfi vegna náms sem nýtist í starfi á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um launalaust leyfi starfsmanna. Umsókn um afslátt þarf að endurnýja árlega fyrir 15. ágúst.

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% systkinaafsláttur af

dvalargjaldi eldra systkinis/eldri systkina. Í þeim tilvikum er miðað við sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/ýngsta barni. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. Foreldrar greiða mest fæðisgjöld fyrir tvö börn, þvert á skólastig, greitt er fyrir þau yngstu fyrst en eldri njóta afsláttar. Greitt er fullt gjald vegna skráningar á langa daga.

Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama lögheimili/lögheimilistengsl í þjóðskrá.

Foreldrar systkina í skiptri búsetu foreldranna, í skilningi barnalaga nr. 76/2003, með síðari breytingum, sem öll eru með lögheimili í Reykjavík, að uppfylltum framangreindum skilyrðum geta sótt um framangreindan systkinaafslátt á þar til gerðri [umsókn](#). Leggja þarf fram staðfestar upplýsingar úr Þjóðskrá um skipta búsetu og báðir foreldrar þurfa að undirrita umsókn. Í þessum tilfellum er miðað við forsjárskráningu í Þjóðskrá í stað lögheimilistengsla.

Börnum í 1.-4. bekk sem uppfylla skilyrði til skráningar í frístundaheimili, hafa flutt til Íslands á síðustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku stendur til boða þriggja mánaða gjaldfrjáls dvöl á frístundaheimili. Ekki þarf að greiða fyrir síðdegishressingu en greiða verður fyrir viðbótarþjónustu á löngum dögum. Dvölin þessa þrjá mánuði þarf að vera samfelld, ef sumarmánuðir koma á milli getur gjaldfrjáls þjónustan haldið áfram næsta vetur þar til þrem mánuðum er náð. Sótt er um þennan afslátt á þar til gerðu [eyðublaði](#). Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á ofangreindum skilyrðum s.s. með undirritaðri staðfestingu þess efnis.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn í frístundaheimili. Ef um er að ræða systkinaafslátt barna í skiptri búsetu foreldra lækka gjöld þess foreldris er greiðir gjöldin.

Afsláttur er ekki veittur afturvirkur og miðast við þann dag sem gögnum er skilað til forstöðumanns frístundaheimilis eða frístundamiðstöðvar og öllum skilyrðum er fullnægt. Þó er heimilt að leiðrétta gjöld einn mánuð afturvirkur ef foreldri hefur t.d. láðst að sækja um afslátt og öllum skilyrðum var fullnægt á þeim tíma. Leiðrétting gjalda kemur þá til frádráttar gjöldum næsta mánaðar. Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar. Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

6.c Gjaldtaka í sumarstarfi

Gjald fyrir þjónustu sumarfrístundar er samkvæmt gjaldskrá eins og hún er birt á hverjum tíma á vefsíðu skóla- og frístundasviðs, www.reykjavik.is.

Ekki er boðið upp á hressingu í sumarstarfinu nema annað sé tekið fram og þurfa börnin því að taka með sér nesti að heiman.

Ef skráður þátttakandi hættir við þátttöku í sumarstarfinu, en hefur ekki tilkynnt það með tölvupósti til viðkomandi frístundaheimilis/frístundamiðstöðvar að minnsta kosti ellefu dögum fyrir upphaf námskeiðs, þá er námskeiðsgjald innheimt að fullu. Ef veikindi hamla þátttöku barns í sumarfrístund

er námskeiðsgjald felld niður gegn framvísun læknisvottorðs til forstöðumanns frístundaheimilisins eða viðkomandi frístundamiðstöðvar.

6.d Afsláttur af námskeiðsgjaldi í sumarstarfi

Veittur er 20% systkinaafsláttur án umsóknar vegna systkina sem eru með sama lögheimili og lögheimilistengsl í þjóðskrá og eru í sumarfrístund á vegum skóla- og frístundasviðs í sama mánuði. Afsláttur reiknast af fullu gjaldi eldra barnsins. Sækja þarf um afsláttinn ef um er að ræða börn foreldra í skiptri búsetu foreldranna, sjá nánar í 5. mgr. í gr. 6.d í reglunum.

Frístundakort er ekki hægt að nota til greiðslu námskeiðsgjalds í sumarfrístund.

Börnum í 1. – 4. bekk sem hafa flutt til Íslands á síðustu 12 mánuðum, eru ekki fædd á Íslandi og eru með annað móðurmál en íslensku stendur til boða að taka þátt í sumarstarfi þrjár vikur án endurgjalds í sumarfrístund að uppfylltum skilyrðum í 2. gr. Þessi afsláttur gildir ekki fyrir börn sem eru með lögheimili erlendis og koma tímabundið hingað til lands yfir sumarmánuðina. Sótt er um þennan afslátt á þar til gerðu [eyðublaði](#) ([sjá eyðublað á fleiri tungumálum](#)). Skóla- og frístundasvið getur óskað eftir frekari staðfestingu á ofangreindum skilyrðum s.s. með undirritaðri staðfestingu þess efnis.

7. Innheimta dvalargjalda, vanskil og uppsögn

Dvalargjöld eru innheimt eftir á með kröfu í netbanka. Vilji greiðandi fá greiðsluseðil í pósti þarf hann að óska eftir því við Þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, sími: 411 1111.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30 dögum síðar. Skráning fyrir hádegi á frístundaheimili er bindandi og er gjald fyrir þá dvöl innheimt eftir á.

7.a Innheimtuferli vegna vanskila

Innheimtuferli vegna vanskila er samkvæmt innheimtureglum Reykjavíkurborgar.

Ef gjöld eru ógreidd tíu dögum eftir eindaga fær greiðandi sent ítrekunarbréf.

Hafi skuld ekki verið greidd 50 dögum eftir gjalddaga er hún færð í milliinnheimtu. Þegar krafa hefur verið send innheimtufyrirtæki er eingöngu hægt að semja um greiðslu við það.

Krafa um skuldagreiðslu sem ekki innheimtist í milliinnheimtu fer í löginheimtu 120 dögum frá gjalddaga.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu á greiðanda.

7.b Uppsögn

Uppsögn á dvöl og fækkun daga á frístundaheimili þarf að berast fyrir 15. hvers mánaðar og tekur hún þá gildi um næstu mánaðamót. Umsókn um fjölgun daga getur farið fram hvenær sem er. Tilkynnt er um uppsögn og breytingar á dvalartíma á [Mínum síðum](#) á vef Reykjavíkurborgar eða

með tölvupósti til forstöðumanns.

Í sumarfrístund þarf að afskrá barn með tölvupósti til frístundaheimilis eða frístundamiðstöðvar ellefu dögum áður en námskeið hefst, hið minnsta. Ella verður námskeiðsgjald innheimt að fullu.

Hafi greiðsla gjalda ekki borist 110 dögum frá gjalddaga áskilur skóla- og frístundasvið sér rétt til þess að segja upp samningi um dvöl á frístundaheimili eða í sumarfrístund. Gildir þá einu þó skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreind skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Skóla- og frístundasviði er heimilt að gera samkomulag við foreldra um greiðslu eldri skulda svo að yngra barn þeirra geti hafið dvöl á frístundaheimili eða í sumarfrístund, en í því felst m.a. að sviðinu er heimilt að segja upp dvöl yngra barns, sé ekki staðið við samkomulag um greiðslu.

Fylgt er verklagi um aukna þjónustu við foreldra sem skulda og beinir starfsfólk skóla- og frístundasviðs þeim í ráðgjöf til miðstöðva. Sjá nánar: [Verklagsreglur vegna vanskala foreldra/forsjármanna varðandi þjónustu við börn](#).

8. Veikindi barns

Geti barn ekki sótt frístundaheimili vegna veikinda í fjórar vikur samfelld eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af dvalargjaldi. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs. Sækja verður um afslátt vegna veikinda innan þriggja mánaða frá því að barn veikist. Foreldrar bera ábyrgð á því að upplýsa forstöðumann viðkomandi frístundaheimilis um að barnið hafi að nýju fengið þjónustu á frístundaheimili eftir veikindi. Skóla- og frístundasvið áskilur sér rétt til þess að innheimta gjöld afturvirkkt komi í ljós að veikindaafsláttur hafi verið veittur eftir að barn hóf að nýju dvöl á frístundaheimili.

Í sumarfrístund eru ekki felld niður dvalargjöld vegna veikinda nema gegn framvísun læknisvottorðs til forstöðumanns/frístundamiðstöðvar.

9. Stuðningur

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda m.a. vegna fötlunar og/eða þroskafrávika á frístundaheimili fá þá þjónustu að undangenginni samþykkt úthlutunarteymis þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna á frístundahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Starfsfólk frístundaheimila hefur einnig skyldur skv. lögum nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Forstöðumenn skila einstaklingsáætlun fyrir sérhvert barn sem nýtur stuðnings sem unnin er í samvinnu við barnið, foreldra, deildarstjóra barnastarfs viðkomandi frístundamiðstöðvar og samstarfsaðila hverju sinni.

Ef barn sem er með lögheimili í öðru sveitarfélagi dvelur á frístundaheimili Reykjavíkurborgar og þarf á sértækum stuðningi að halda, þá þurfa foreldrar að óska eftir kostnaðarþátttöku síns sveitarfélags. Sveitarfélagið gerir svo samning við viðkomandi frístundamiðstöð á þar til gerðu

eyðublaði. Samningurinn þarf að liggja fyrir áður en þátttaka hefst.

Um framlag Reykjavíkurborgar vegna barna, sem eru með lögheimili í Reykjavík og njóta sértæks stuðnings í frístundaheimilum sjálfstætt rekinna grunnskóla eða grunnskóla utan Reykjavíkur, gilda sömu reglur og fjárhæðir og vegna barna í frístundaheimilum sem rekin eru af Reykjavíkurborg.

10. Húsnæði

Skóla- og frístundasvið leigir af fjármála- og áhættustýringarsviði sérrými frístundaheimilis í grunnskólum, þar sem það á við, svo og hlutdeild í rýmum sem samnýtt eru með grunnskóla.

Ef aðstaða fyrir frístundaheimili er ófullnægjandi í grunnskóla skal fjármála- og áhættustýringarsvið útvega annað viðeigandi húsnæði.

11. Samstarf

Skólastjóra og framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar ber að tryggja samstarf og samráð frístundaheimilis og viðkomandi grunnskóla. Skólastjórnendur kynna að vori skóladagatal næsta skólaárs fyrir forstöðumanni frístundaheimilis og forstöðumaður kynnir starfsemi frístundaheimilisins fyrir stjórnendum skólans.

Gagnkvæmt upplýsingarstreymi skal vera á milli grunnskóla og frístundaheimilis og reglulegir fundir. Skóli veitir forstöðumanni frístundaheimilis frístundaaðgang í Mentor. Sá aðgangur er notaður til að koma upplýsingum um starfssemi frístundaheimilis og annað frístundastarf til foreldra. Skal framangreint vera til samræmis við lög um grunnskóla nr. 91/2008, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eftir því sem við á.

Forstöðumaður frístundaheimilis er boðaður ef þörf krefur á fundi nemendaverndarráðs þegar það fjallar um úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa, sbr. 20. gr. reglugerðar 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Sama gildir fyrir teymisfundi vegna 6-9 ára barna sem eiga rétt á þjónustu viðkomandi frístundaheimilis.

Forstöðumaður frístundaheimilis situr fundi leikskóla með grunnskóla vegna miðlunar nauðsynlegra persónuupplýsinga vegna skólagöngu barna með samþykki foreldra. Samstarf er við leikskólastjóra um að fá samþykki foreldra fyrir því að forstöðumaður sitji skilafund vegna barna

sem gætu þurft á stuðningi að halda á frístundaheimili. Þetta er gert til að tryggja samfellu í þjónustu við barnið og fjölskyldu þess.

Frístundaheimili skulu leita eftir samstarfi við aðra aðila sem veita börnum tómstundaþjónustu í sama hverfi með það að markmiði að börnin geti notið hennar á dvalartíma frístundaheimila.

12. Mannauður

Hver starfsmaður frístundaheimilis skal að jafnaði hafa umsjón með 13 börnum 1. bekk og 16 börnum í 2.-4. bekk í vetrarstarfi en í sumarstarfi frístundaheimila skulu starfsmenn að jafnaði hafa umsjón með 8-10 börnum.

Undirbúningstími forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns í vetrarstarfi skal vera að lágmarki tíu klukkustundir á viku og skal sá tími falla utan opnunartíma frístundaheimilisins.

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður (þar sem hann er starfandi) skulu hafa fagmenntun á sviði uppeldis- og/eða tómstunda- og félagsmálafræða. Frístundaráðgjafar skulu hafa háskólamenntun. Frístundaleiðbeinendur skulu hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi.

Skólar og frístundaheimili leitist við að eiga samvinnu um að ráða starfsmenn sem geta gegnt starfi í skóla sem og á frístundaheimili.

13. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. nóvember 2017 og með þeim fellur úr gildi borgarráðssamþykkt um starfsemi og rekstur frístundaheimila, sem var staðfest í borgarráði 4. mars 2010.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. október 2017 og í borgarráði þann 19. október 2017.

Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 9. apríl 2019 og í borgarráði þann 2. maí 2019. Breytingar varðandi eitt námsgjald í 3. mgr. í gr. 6.b gilda frá 1. janúar 2019. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 9. júní 2020 og í borgarráði þann 7. janúar 2021. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann 6. febrúar 2023 og í borgarráði þann 16. febrúar 2023. Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann dags. 10. mars 2025 og í borgarráði þann 20. mars 2025. [Með breytingum samþykktum í skóla- og frístundaráði þann \[dags.\] og í borgarráði þann \[dags.\]](#).